

16. gr.

Nú missir löggiltur endurskoðandi lögmælt skilyrði til löggildingar eða til endurskoðunarstarfa samkvæmt löggildingu, shr. 15. gr., og fellur þá úr gildi löggilding hans, enda ber honum þá að skila aftur löggildingarskírteini sínu. En veita má ráðherra honum, að fengnum tillögum prófnefndar, löggildingu af nýju, ef hann síðar fullnægir til þess lagaskilyrðum, að dómi ráðherra.

217

30. des.

17. gr.

Nú sætir löggiltur endurskoðandi ákæru í opinberu máli um brot á refsilögum, og ber þá ákvörðun um sviptingu löggildingar hans af því efni eftir kröfu ákærvalds undir dómara þess máls.

Ákvörðun um sviptingu löggildingar vegna atvika, sem eigi leiða til ákæru, ber undir ráðherra. Nú vill endurskoðandi ekki una úrlausn ráðherra, og skal sakarefnið þá borið undir dómstóla, og fer um meðferð þess máls að hætti opinberra mála. Ákvörðun ráðherra í málinu skal halda gildi, unz dómur gengur.

18. gr.

Allan kostnað af framkvæmd reglugerðar þessarar skal greiða úr ríkissjóði, þ. á m. kostnað við námskeið og þóknun prófnefndarmanna, er ráðherra ákveður.

19. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða allt að 10000 króna sektum til ríkissjóðs, nema þyngri hegning liggji við að lögum.

20. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um löggilta endurskoðendur, nr. 89 1953, og öðlast hún þegar gildi. Ákvæði 1. mgr. 4. gr. koma þó eigi til framkvæmda fyrr en ári eftir gildistöku nefndra laga.

Reglugerð um próf löggiltra endurskoðenda, verksvið þeirra o. fl., nr. 18 frá 27. marz 1929, er úr gildi numin.

Atvinnumálaráðuneytið, 30. desember 1953.

Bjarni Benediktsson.

Gunnlaugur E. Briem.

ARÐSKRÁ

fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Laxdæla, Dalasýslu.

218

30. des.

Samkvæmt mati tveggja dómkvaddra manna 16. september 1952.

1. Fjósar	12.61 %
2. Hrappsstaðir	9.00 —
3. Hjarðarholt	2.19 —
4. Spágilsstaðir	1.35 —
5. Goddastaðir	3.95 —
6. Lambastaðir	4.74 —
7. Gillastaðir	3.77 —
8. Sámsstaðir	7.90 —
9. Hamrar	0.98 —

218 30. des.	10. Svalhöfði	3.00 %	
	11. Sólheimar	0.63 —	
	12. Pálssel	3.30 —	
	13. Dönustaðir	9.98 —	
	14. Gröf	1.83 —	
	15. Svarfhóll	4.59 —	
	16. Þrándargil	2.40 —	
	17. Leiðólfsstaðir	3.45 —	
	18. Hornsstaðir	0.56 —	
	19. Höskuldsstaðir	4.22 —	
	20. Sauðhús	12.06 —	
	21. Saurar	7.49 —	
			<hr/>
	Alls		100.00 %

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði, og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. desember 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

219

REIKNINGUR

Minningargjafasjóðs Landsspítala Íslands 1952.

Tekjur:

1. Eign sjóðsins 1. jan. 1952	kr.	590 123,79
2. Minningagjafir 1952	—	626,00
3. Samúðarskeyti Landssímans	—	65 212,71
4. Endurgreiddir sjúkrastyrkir	—	1 715,00
		<hr/>
5. Vextir greiddir á árinu	—	67 553,71
6. Útdregin verðbréf:		30 220,41
a. Veðdeildarbréf Landsbankans	kr.	8 000,00
b. Skuldabréf Siglufjarðarkaupstaðar 1943 ..	—	5 000,00
c. Byggingars.v.fél. starfsm. stjórnarr. VI. fl.	—	3 000,00
		<hr/>
	Samtals	kr. 703 897,91

Gjöld:

1. 7 styrkveitingar til sjúklinga	kr.	32 992,00
2. Önnur útgjöld á árinu	—	6 060,90
3. Til jafnaðar tekjulið 6	—	16 000,00
4. Eign í árslok:		
a. Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands	kr.	950,00
b. Innanríkislán 1941	—	40 000,00
c. Veðdeildarbréf Landsbankans	—	101 000,00
d. Skuldabréf Siglufjarðarkaupst. 1943	—	15 000,00
e. Byggingarsamv.fél. starfsm. stjórnarráðsins	—	67 000,00
f. Söfnunarsjóðsinnstæður, útb.	—	267 117,62